



Reykjavík, 9. desember 2014

## ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 9. desember 2014 vegna dómarskýrslu frá Heiðari R. Sverrissyni, dags. 25. nóvember 2014, þar sem tilkynnt var að kvennalið ÍA hefði ekki verið í samstæðum bolum í 9. umferð deildarkeppni kvenna sem fram fór sama dag. Einn leikmanna liðsins, Margrét Björg Jónsdóttir, var í öðruvísi bol.

Enn fremur var leikmaður ÍR-N, Karitas Róbertsdóttir í buxum í öðrum lit en liðsfélagarnir í sömu viðureign.

Fyrirliðum beggja liða var gert kunnugt um að þetta yrði tilkynnt til aganefndar.

Í 18. gr. reglugerðar KLÍ um keilumót segir:

### „Búningar.

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit og sömu gerð, en konur mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxnadressi af sama lit og sömu gerð.

Dómari skal veita hverjum þeim leikmanni áminningu sem ekki fylgir þessu ákvæði.

Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum. Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.“

Í 7. gr. reglugerðar KLÍ um aganefnd KLÍ segir:

„Ef leikmenn liðs leika ekki allir í eins búningum, eins og kveðið er á um í reglugerð um keilumót, er aganefnd heimilt að dæma félagið í allt að 5.000 kr. sekt.“

### Úrskurðarorð

ÍR-N greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 2.500 kr.

Kvennalið ÍA greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 2.500 kr.

Bragi Már Bragason, formaður aganefndar  
Ólafur Páll Vignisson  
Þórir Ingvarsson